

## Sverrir í báðum söllum Kjarvalsstaða

Sýnir 233 verk

Sverrir Haraldsson listmálari opnar sýningu í báðum söllum Kjarvalsstaða í dag og sýnir þar 233 myndir og önnur verk. Sýningin spannar 30 ára listmálunarferil Sverris, allt frá því að hann 12 ára gamall málaði náttúrumyndir í Vestmannaeyjum og til þess, er þessi yfirgrípsmikla sýning er opnuð. Mikill hluti myndanna hefur aldrei verið á málverkasýningum Sverris áður, en enginn Íslenzkur málari hefur haldið eins víðamikla yfirlitssýningu.


Sýningin verður opnuð í dag kl. 18 í Kjarvalsstöðum og verður opin til sunnudagsins 28. okt. Sýningartími er kl. 14-23 laugardaga og sunnudaga og 16-23 alla virka daga nema mánudaga, en þá er lokað.

Sýningin verður opnuð í dag kl. 18 í Kjarvalsstöðum og verður opin til sunnudagsins 28. okt. Sýningartími er kl. 14-23 laugardaga og sunnudaga og 16-23 alla virka daga nema mánudaga, en þá er lokað.

Sýningin heitir Myndir 1942-73. Flest málverkin eru í einka-eign, en þó eru 10 málverk til sölu.

Undirbúningur að sýningunni hefur staðið í eitt ár, og hafa Knútur Bruun og Garðar Gíslason haft veg og vanda af undirbúningi ásamt listamanninum sjálfum og vinum hans. Stór og glæsileg sýningararkrá hefur verið gefin út í tilefni sýningarinnar, og í henni eru m.a. 7 litmyndir og 25 svarthvítar myndir af verkum Sverris.

Málverkin á sýningunni eru




Kverrir Haraldsson listmálari við eitt verka sinna í Kjarvalsstöðum. Ljósmynd Mbl. Ól.K.M.

fengin víða að. Sýningin er þannig úr garði gerð, að henni er ætlað að sýna helztu þróunarstig á ferli Sverris, þar með helztu breytingar, sem orðið hafa á málverkum hans á þessu tímabili, og er sýningin því hengd upp í nokkurri tímaröð. Í öðrum salnum, þ.e. Kjarvalssal, eru elztu myndirnar, þær sýna feril Sverris, frá því að hann hóf að mála í Vestmannaeyjum og hafa ekki verið á sýningu áður, ennfremur eru þar myndir og málverk, frá því að hann var í Handíða- og myndlistarskólanum, allmargar myndir frá sýningunni 1952, málverk frá Parísarárum Sverris, þegar hann málaði geometriskar myndir: málverk frá því tímabili, þegar Sverrir


málaði með sprautu, og síðan fyrstu málverk Sverris frá þeim tíma, þegar hann sleppir sprautunni og fer að mála með pensli á nýjan leik og skiptir jafnframt um stíl og fer að mála figuratívar landslagsmyndir. Í stærri salnum að Kjarvalsstöðum eru myndir Sverris frá því á árunum 1966 í Casa Nova og sömuleiðis frá sýningunni 1969 á sama stað. Ennfremur eru þar málverk, sem Sverrir hefur málað frá því að hann hélt þessa síðustu sýningu sína og allt fram til dagsins í dag, en þau málverk hafa hvergi verið sýnd áður. Þannig er þessari sýningu að nokkru leyti komið fyrir í tímaröð, til þess að áhorfendur geti frekar áttað sig á þróunarferli listamannsins.

## Ólafur varaforseti borgarstjórnar

Markús Örn kosinn í borgarráð



Ólafur B. Thors



Markús Örn Antonsson

A fundi borgarstjórnar á fimmtudaginn var kosið í embætti þau, er Kristján J. Gunnarsson hefur gegnt, en hann lætur af störfum í borgarstjórn og tekur við starfi fræðslustjóra í Reykjavík.

Í stað Kristjáns var Markús Örn Antonsson kosinn í borgarráð, og varamaður var kosin Sigurlaug Bjarnadóttir. Kristján var einnig 2. varaforseti borgarstjórnar, og var Ólafur B. Thors kosinn í þá stöðu.

Í stað Kristjáns var Aslaug Friðriksdóttir kjörin í fræðsluráð og jafnframt Baldvin Tryggvason, en hann kemur í stað Þóris Einarsson, sem óskaði hafði lausnar.

## Fyrirlestur

Danskur ljósmyndari, Johan H. Piepgrass, sem hlotið hefur styrk frá Statens Kunstfond til ljósmyndunar hér á landi, heldur fyrirlestur í Norræna húsinu n.k. þriðjudag, um starfsemi dönsku lýðháskólanna nú á dögum, og þau áhrif er danskur ljósmyndari verður fyrir, er hann kemur til Íslands í fyrsta skipti. Sýnir hann einnig litskuggamyndir máli sínu til skýringar.

Johan Piepgrass er kunnur ljósmyndari í Danmörku og hefur hann allvíða haldið ljósmynda-sýningar, og einnig hafa komið út bækur með myndum eftir hann og má t.d. nefna eina þeirra Kontrast-Kontrast, sem hefur að geyma myndir frá Íslandi.

## Gunnar og Lúðvík á stúdentafundi


Stúdentafélag Háskóla Íslands boðar til almenns borgarafundar um lanhelgismálið. Fundurinn fer fram í Súlnasal Hótel Sögu sunnudaginn 7. október kl. 2.

Frummælendur á fundinum verða Lúðvík Jósepsson, sjávarútvegsráðherra og dr. Gunnar Thoroddsen formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.


Fundarstjóri verður Jón Sigurðsson.

Þetta mun vera fyrsti borgarafundurinn um lanhelgismálið, sem haldinn er síðan lanhelgin var færð út í 50 mflur og þar sem frummælendur úr fulltrúar mis-munandi sjónarmiða um, hvernig beri að haga meðferð þess máls nú og í framtíðinni.

Að loknum ræðum framsögu-manna verða almennar umræður.



Gunnar Thoroddsen



Lúðvík Jósepsson

## Flokksformenn á „beinu línunni“

HLJÓÐVARPIÐ mun í þingbyrjun útvarpa fimm þáttum af „Beinni línu“, þar sem formenn stjórnmálaflokkanna munu svara spurningum hlustenda um stefnu og störf flokkanna á Alþingi í vetur. Fyrsti þátturinn verður miðvikudaginn 10. okt., er þing kemur saman, næstu tveir þættir 11. og 12. okt. og loks tveir þættir í næstu viku á eftir, 17. og 18. okt.

Í viðtali við Mbl. í gær sagði Einar Karl Haraldsson, annar umsjónarmaður þáttanna, að þetta væri gert í tilraunaskyni. „Það hefur oft verið talað um það, að þunglamalegt form væri á útvarpsmæðum úr þinginu, þær væru kappræðukenndar og fólk fengi lítið út úr þeim. Þessi tilraun er engin opinber breyting á meðferð útvarpsins á þingumræðum, heldur er þetta hugmynd frá okkur sjálfum, sem hugsanlega gæti orðið til að hressa upp á þingumræðurnar.“

## Dýrum pelsi stolið

Ung stúlka varð fyrir því að glata fatageymsluspjaldi sínu í Veitingahúsinu við Lækjartéig á laugardagskvöldið. Sá, sem fann spjaldið — eða stal — fékk afhentan nýjan kanínupels stúlkunnar og hvarf með hann á braut. Pelsinn er hvítur með svörtum flekkjum. Þeir, sem kynnu að vita um hvarf hans eða hvar hann er nú að finna, eru beðnir að láta lögregluna vita.

Einar sagði, að talið hefði verið heppilegast að hafa þættina með sem skemmstu millibili; of langt væri að láta 1/2 mánuð líða milli þess, að formenn flokkanna svöruðu spurningum hlustenda.

Ákveðið hefur verið, að Gylfi Þ. Gíslason, formaður Alþýðuflokksins, sitji fyrir svörum í fyrsta þættinum, á miðvikudagskvöld, en kvöldið eftir kemur fram Ragnar Arnalds, formaður Alþýðubandalagsins, og á föstudagskvöld Hannibal Valdimarsson, formaður SFV. Síðan kemur að Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum í næstu viku á eftir.

## 50 króna meðalverð í Þýzkalandi

Verð á ísfiski er mjög gott í Þýzkalandi þessa dagana, og fara íslenzku togararnir ekki varhluta af því. Oftast nær hefur meðalverðið verið frá 45—55 kr., sem teljast verður einstaklega gott.

Skuttogarinn Karlsefni seldi í Bremerhaven í gær 133,4 lestrir fyrir 194.700 mörk. Meðalverðið var 50,46 kr. Úranus seldi í Cuxhaven í fyrradag 99,7 lestrir fyrir 105 þús. mörk.

Í dag á skuttogarinn Bjarni Benediktsson svo að selja í Ostende í Belgíu.

## „Umfram áætlun“

— Fjöldi þeirra nemenda, sem stunda nám við barnaskólann í Vestmannaeyjum, er mun meiri en gert var ráð fyrir í síðasta mánuði, sagði Magnús Magnússon bæjarstjóri í viðtali við Morgunblaðið í gær.

Hann sagði, að upphaflega hefði ekki verið gert ráð fyrir, að skipta þyrfti bekkjadeildunum, en nú væri svo komið að skipta þyrfti öllum bekkjardeildum við barnaskólann nema einni, og sýndi þetta dæmi, hve ör fólks fjölgunin væri í Eyjum.

## 100 bækur á uppboði

Knútur Bruun heldur 16. listmunauppboð sitt 8. október n.k. og verður það haldið í Atthagasal Hótel Sögu, og hefst klukkan 17. Þetta er fyrsta uppboðið á þessu hausti, en á uppboðinu verða seldar 100 bækur.

Ætlað er að halda þrjú bókauppboð fyrir áramót og önnur þrjú eftir áramót, þannig að þá fækkar uppboðunum úr 8 í 6 á vetri.

Á uppboðinu á mánudaginn verður margt merkra bóka og ritverka selt, en helztu flokkarnir eru: Staða- og héraðsrit, leikrit, ljóð, trúmálarit, ferðabækur og landfræðirit, þjóðsögur og þjóðleg fræði, tímarit og fornritaútgáfur og fræðirit.

## Enn meðvitundarlaus

PRIGGJA ára drengurinn, sem varð fyrir blí í Breiðholtinu á mánudagskvöldið, er enn meðvitundarlaus, en þó heldur léttara en í upphafi, að sögn lækna.

## Sjálfboðaliða vantar í nýja Sjálfstæðishúsið

Sjálfboðaliða vantar til starfa við byggingu nýja Sjálfstæðishússins í dag kl. 13.—18.00. Mikill fjöldi sjálfboðaliða kom til starfa sl. laugardag og gekk vinnan vel. Nú bíða stærri verkefni og er því nauðsynlegt, að sjálfstæðismenn, bæði karlar og konur, leggi hönd á plóginn í dag. Mætið kl. 13.00.